



UMSÖGN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Samgöngustjóri og borgarhönnun

Umsögn um tillögu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um einföldun reglna um íbúakort

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 23. ágúst sl. var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um einföldun reglna um íbúakort:

Lagt er til að reglur um íbúakort verði einfaldaðar og íbúakortsvæðum verði fækkað. Meðal breytinga er lagt til að leigjendur getir fengið íbúakort án þess að þurfa að ganga til húseiganda og biðja leyfis. Einnig er lagt er til að íbúar í námsmannaíbúðum geti fengið íbúakort. Hætt verði við fjöldatakmarkanir þannig að fleiri en eitt kort geti verið gefið út á hverja íbúð. Lagt er til að hægt verði að fá íbúakort þrátt fyrir að bílastæði sé á lóð umsækjanda. Lagt er til eftirfarandi breytingar verði gerðar á 2. gr. reglna um íbúakort.

- Annar liður í 2. gr. verði felldur niður í heild.
- Þriðji liður 2. gr. verði felldur niður í heild.
- Önnur málsgrein 2. gr. sem hefst á orðunum „Einungis er heimilt...” verði felld út.

Lagt er til eftirfarandi breytingar verði gerðar á 3. gr. reglna um íbúakort.

- Annar liður 3. gr. sem hefst á orðunum „Umsækjandi verður að vera eigandi...” verði felldur út.

Lagt er til eftirfarandi breytingar verði gerðar á 6. gr. reglna um íbúakort.

- Lagt er til að önnur málsgrein 6. gr. sem hefst á orðunum „Ef umsækjandi er ekki eigandi íbúðar...” verði felld út. Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir að íbúakortssvæði verði ekki fleiri en 4 í stað 11 áður. Svæði 1 markist af Hringbraut til suðurs og Kvos til austurs. Svæði 2 sé frá Lækjargötu og Sóleyjargötu til vesturs og Snorrabraut til austurs. Svæði 3 sé austan Snorrabrautar. Svæði 4 sé sunnan Hringbrautar og austan Suðurgötu. Greinargerð fylgir tillögunni.


Var tillögunni vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar þann 6. september sl.

Umsögn:

Vinna er nú þegar í gangi við að yfirfara íbúakortareglur með það að markmiði að móta tillögur sem einfalda afgreiðslu umsókna og koma til móts við hluta athugasemda sem borist hafa á gildistíma þeirra eins og að veita sveigjanleika til að koma til móts við sértílfelli.



Markmið með íbúakortum, m.v. núverandi reglur, er í grunninn að koma til móts við íbúa sem ekki hafa aðgang að bílastæði á lóð, á gjaldsvæðum bílastæða þannig að þeir geti lagt í nágrenni við heimili sitt gegn lægra gjaldi en ef greitt væri að fullu fyrir bílastæði. Engar athugasemdir hafa borist um stærð eða afmörkun svæðanna fram til þessa en stækkun eða sameiningu íbúakortasvæða getur stuðlað að því bíllinn sé nýttur í ferðir sem annars væru gengnar. Kortið að neðan sýnir íbúakortasvæðin eins og þau eru í dag. Sé íbúi búsettur á mörkum íbúakortasvæða stendur honum til boða að velja hvoru svæðinu hann tilheyrir.



Núverandi íbúakortasvæði gjaldskyldrasvæða í Reykjavík (borgarvefsjá)

Reykjavíkurborg hefur sett sér ýmis markmið, m.a. í Aðalskipulagi Reykjavíkur og bíla- og hjólastæðareglum sem beitt er við gerð deiliskipulags, sem reglur um íbúakort geta haft áhrif á eins og um þróun umferðar, ferðamátavals og bílastæða í borginni. Huga þarf að því við breytingar á íbúakortareglum.

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
samgöngustjóri